



Gilbert og George, hinir siungu séntilmenn sem hafa lengi heillað listaheiminn.

## Þeir eru tveir menn en einn listamaður

**Sýningin Gilbert & George: The Great Exhibition opnuð í Hafnarhúsinu. Listamennirnir hafa verið á meðal sýnilegustu listamanna heimsins í meira en hálföld.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Sýningin Gilbert & George: The Great Exhibition verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag, fimmtudaginn 6. ágúst. Hún er sérstaklega unnin fyrir Listasafn Reykjavíkur í samstarfi við listamennina og Luma-safnið í Arles í Frakklandi og Moderna Museet í Stokkhólmi í Svíþjóð. Hér er á ferðinni ein víðamesta sýning safnsins á árinu og er hún á dagskrá Listahátíðar, en vegna aðstæðna í vor var opnuninni frestað um tvo mánuði. Vegna aðstæðna nú eru aftur takmörk á gestafjölda og 100 manna hámarksfjöldi í húsinu, en þar er sannarlega nóg pláss. Sýningin stendur fram í janúar á næsta ári.

„Við erum mjög stolt af þessari sýningu og ánægð með að geta kynnt hana fyrir fólki,“ segir Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri. „Það stóð til að Gilbert og George, sem eru jú tveir menn en einn listamaður og listaverk í sínu daglega lífi, kæmu til að vera við opnunina, en í samráði við lækna sína ákváðu þeir að gera það ekki. Þeir eru komnir hátt í áttætt og þurfa að sitja heima, þessir siungu séntilmenn.“

### Eru óaðskiljanlegir

Um listamennina segir Ólöf: „Gilbert er Ítali og George Breti. Þeir kynntust í Saint Martins-listaskólunum í London, þetta var árið 1967 og síðan hafa þeir verið óaðskiljanlegir í vinnu og einkalífi. Þeir tóku sömuleiðis þá ákvörðun að líf þeirra sem heild væri listaverk og hafa lífað í nafni listarinnar.

Þeir völdu sér farveg sem var um



Verkið Queer frá árinu 1977.

**Í LÍKI ÍHALDSSAMRA EINSTAKLINGA, OG SEM SAMKYNHNEIGT PAR, FJALLA ÞEIR UM VIÐFANGSEFNI SEM ERU SAMFÉLAGSLEGA MIKILVÆG: FEGURÐ, KYNLÍF, PENINGA, TRÚARBRÖGÐ OG LÍFIÐ Á JADRI SAMFÉLAGSINS.**

margt andstæður straumum listaheimsins á þessum tíma. Þá var verið að brjóta niður allar hefðir og ungt fólk var síðhætt og frjállega klætt. Á sama tíma voru þeir formlega klæddir. Í líki íhaldssamra einstaklinga, og sem samkynhneigt par, fjalla þeir um viðfangsefni sem eru samfélagslega mikilvæg: fegurð, kynlíf, pening, trúarbrögð og lífið á jadri samfélagsins.

Þeir stíga fram sem gjörninga-listamenn og höfðu áhrif á gjörningaheiminn á margvíslegan hátt. Það má greina áhrif frá þeim í



Akimbo er frá árinu en þar stilla listamennirnir sér upp við krossfestinguna.

gjörningum Ragnars Kjartanssonar og fleiri listamanna, en hann og Ilmur Stefánsdóttir, sem líka er þekkt fyrir gjörninga, eru á meðal íslenskra myndlistarmanna sem fjalla munu um verkin á sýningar-tímabilinu.

Underneath the Arches er frægur gjörningur, eða söngskúlptúr, Gilberts og George þar sem fjallað er um heimilisleysi og örbirgð. Þótt þeir komi fram sem óaðfínanlegir menn úr efri stéttum samfélagsins, þá fjalla þeir um jadarhópa, samkynhneigða, heimilisleysi og blóra-böggla samfélagsins, múslima og alls konar fólk, sem er sett á jadarinn og kennt um það sem illa fer. Þeir fjalla um þetta á áhrifaríkan hátt, með oft opinskáu myndefni, sem er í ákveðinni andstöðu við þeirra formlega yfirbragð.

Myndheimurinn er þekktur og það er markmið þeirra að ekki þurfi að útskýra hann fyrir áhorfandanum. Mottó þeirra er „list fyrir alla.“

### Mikil áhrif á listaheiminn

Um stöðu tvíeykisins í listaheiminum segir Ólöf: „Þeir hafa verið á meðal sýnilegustu listamanna heimsins í meira en hálföld og hafa haft áhrif á listaheiminn, en líka lagt lið umræðunni um stöðu jadarsettra hópa, til dæmis samkynhneigðra, á seinni hluta 20. aldar. Verk þeirra hafa verið sýnd í öllum helstu listasöfnum heimsins og það hefur verið gefinn út um þá fjöldinn allur af bókum.“

Sýningarstjórar sýningarinnar eru Daniel Birnbaum, fyrrverandi safnstjóri Moderna Muséet, og Hans Ulrich Obrist, listrænn stjórnandi Serpentine Galleries í London. „Þeir eru sýningarstjórar sem hafa stýrt mjög frægum samtímalista-sýningum og hafa áhuga á Gilbert og George sem áhrifavöldum og því hvernig þeir blanda saman sínu persónulega lífi og svo listinni, en þar er ekkert sem greinir á milli lífs og listar.“